

## 31. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 8. október 2015 kl. 11:10 við Norðurgötu

Mættir: Katrín Freysdóttir foreldrafulltrúi, Sigríður Salmannsdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, tveir fulltrúar nemenda, þau Hilmar Þór Halldórsson og Sigríður Ása Guðmarsdóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

### 1. Fundarskipulag vetrarins

Fundarmenn voru boðnir velkomnir á fyrsta fund vetrarins og nýir fulltrúar sérstaklega boðnir velkomnir. Rætt um hentuga fundartíma í vetur og hvernig fundarfyrirkomulagi skyldi háttað.

### 2. Verkefni vetrarins

Farið yfir starfslýsingu fyrir skólaráð og þau verkefni sem ráðinu er ætlað að sinna. Einnig var reglugerð um skólaráð við grunnskóla skoðuð.

### 3. Ytri úttekt Menntamálastofnunar

Eftir helgina, nánar tiltekið á mánudag-fimmtudag, verða hér í skólanum tveir aðilar frá Menntamálastofnun til að taka út skólastarf við Grunnskóla Fjallabyggðar. Þessir aðilar munu bæði fara inn í kennslustundir og fylgjast með kennslunni en einnig ræða við ýmsa aðila og rýnihópa, bæði kennara, nemendur, foreldra og aðra starfsmenn. Að lokinni þessari heimsókn munu þessir aðilar vinna skýrslu um ytra mat á skólanum og mun skólinn fá senda skýrslu þess efnis að því loknu.

### 4. Önnur mál

- Sigurður Ægisson kom inn á fund ráðsins og sýndi fundarmönnum tvær leðurblökur sem bárust með skipi til Siglufjarðar. Hann hafði þá sýnt nemendum við Norðurgötu leðurblökur og var á leiðinni með þær í skólahúsnæðið við Tjarnarstíg
- Sigríður Ósk sagði frá spurningakeppni, svokölluðu School-quiz, sem er að fara af stað í frímínútum í unglingsdeild á fimmtudögum. Keppnin verður u.þ.b. 1 sinni í mánuði og verða sömu liðin allan veturinn. Keppnin leggst mjög vel í nemendur og starfsfólk og leist fundarmönnum vel á.
- Öryggismál nemenda rædd með tilliti til ferða þeirra í tónskóla og íþróttahús

Fundi slitið kl. 12:00

Guðrún Unnsteinsdóttir